

Tillaga til þingsályktunar

um að fordæma ólöglegt brottmál úkraínskra barna.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi fordæmir harðlega ólöglegt og kerfisbundið brottmál úkraínskra barna á hernumdum svæðum rússneska hersins í Úkraínu og flutning þeirra, jafnt innan þeirra svæða og til Rússlands og Belarúss. Það er eindregin afstaða Alþingis að rússnesk stjórnvöld skuli þegar í stað láta af brottmáli barna sem brýtur í bága við alþjóðleg mannúðarlög og telst stríðsglæpur, eins og nýlega hefur verið áréttað í yfirlýsingu leiðtogafundar Evrópuráðsins í Reykjavík. Jafnframt beri með öllum tiltækum ráðum að tryggja að þeim börnum sem flutt hafa verið til Rússlands eða Belarúss, eða innan hernuminna svæða í Úkraínu, verði tafarlaust komið til foreldra sinna eða annarra forráðamanna undir eftirliti alþjóðasamfélagsins og að rússnesk stjórnvöld og aðrir gerendur verði dregin til ábyrgðar.

Greinargerð.

Ísland hefur frá upphafi fordæmt tilefnislausu og ólöglega innrás Rússlands í Úkraínu og lýst yfir eindregnum stuðningi við úkraínsku þjóðina og þarlend stjórnvöld. Ísland tekur fullan þátt í alþjóðlegum þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi, styður við mannúðaraðgerðir Sameinuðu þjóðanna og annarra stofnana, og tekur á móti fólki á flóttu frá Úkraínu. Þá hefur Ísland haft milligöngu um loftflutninga ýmiss konar búnaðar í tengslum við varnir Úkraínu, lagt fram fjármuni í sjóði sem nýttir hafa verið til margháttads stuðnings við Úkraínu og mun veita aðstoð við jarðsprengjuleit. Loks er áformað að kaupa færanlegt neyðarsjúkrahús fyrir særða hermenn í Úkraínu og liggur tillaga þess efnis fyrir frá formönnum allra stjórnmalaflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Frá því að ólögleg innrás Rússlands í Úkraínu hófst hefur hún verið harðlega fordæmd á Alþingi. Í því sambandi er vísað í yfirlýsingu forsætisráðherra og fulltrúa allra þingflokka á innrásardaginn 24. febrúar 2022, yfirlýsingu forseta Alþingis og forsætisráðherra þegar Vólódímír Selenski, forseti Úkraínu, ávarpaði alþingismenn og íslensku þjóðina 6. maí 2022, og yfirlýsingu forsætisráðherra og fulltrúa allra þingflokka 23. febrúar 2023 í tilefni þess að ár var liðið frá upphafi árásarstríðsins.

Tillaga þessi er lögð fram í kjölfar funda utanríkismálanefndar með úkraínskum þingmönnum, annars vegar með Oleni Kondratiuk, varaforseta úkraínska þingsins, og Mariiu Ionovu á Alþingi 12. maí og hins vegar með Mariiu Mezentsevu og Yevheniiu Kravchuk, sem sitja fyrir hönd Úkraínu á Evrópuráðsþinginu, á Alþingi 16. maí. Tillagan svarar ákalli Úkraínnumanna um að bregðast sérstaklega við ólöglegu og kerfisbundnu brottmáli rússneska hersins og aðila á hans vegum á úkraínskum börnum. Talið er að þúsundir barna hafi verið numdar á brott og fluttar innan hernámssvæðis rússneska hersins í austanverðri Úkraínu og til Belarúss og Rússlands þar sem hluti þeirra hefur verið nauðungarættleiddur til rússneskra fjölskyldna. Markmiðið virðist vera að slíta börnin frá tungumáli sínu og menningu og rjúfa þar með tengsl þeirra við úkraínsk þjóðerni.

Alþjóðasamfélagið og stofnanir þess hafa fordæmt brottám á úkraínskum börnum harðlega á liðnum mánuðum. Þannig hafa Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið, Evrópuþingið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu fordæmt framferði rússneska hersins. Skemmt er að minnast fordæmalausrar handtökuskipunar dómara Alþjóðlega sakamáladómstólsins frá 17. mars sl. á hendur Vladímír Pútín, forseta Rússlands, og Mariu Alekseyevnu Lvovu-Belovu, umboðsmanni barna í Rússlandi, fyrir stríðsglæpi vegna brottáms úkraínskra barna.

Fyrir liggur ítarleg skýrsla og ályktun Evrópuráðsþingsins nr. 2495 frá 27. apríl sl. um brottám og nauðungarflutninga úkraínskra barna og annarra óbreyttra borgara til Rússlands eða til hernumina svæða innan Úkraínu. Í ályktun Evrópuráðsþingsins kemur m.a. fram að vegna stríðsaðstæðna sé erfitt að meta umfang brottáms úkraínskra borgara, þar á meðal barna, en allt bendi til þess að um mörg þúsund tilvik sé að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá úkraínskum stjórnvöldum höfðu þau skráð 19.384 tilvik brottnumina barna um miðjan apríl sl. Þá kemur fram að markmið brottámsins virðist vera að afmá Úkraínu og úkraínska sjálfsmýnd og menningu með því að útsetja börn fyrir rússneskri tungu, menningu, áróðri, söguskoðun og bæla jafnframt úkraínska tungu og menningarvitund. Evrópuráðsþingið undirstrikar að flutningur barna með valdi frá einum hópi til annars í þeim tilgangi að útrýma með öllu eða að hluta þjóð, þjóðernishópi, kynstofni eða trúflokki sem slíkum teljist hópamorð samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópamorð frá 1948.

Loks skal nefnd yfirlýsing leiðtogafundar Evrópuráðsins í Reykjavík 16.–17. maí sl. um stöðu barna í Úkraínu. Í yfirlýsingunni er lýst þungum áhyggjum af fregnum af drápum, misþyrmingum og kynferðislegri misnotkun barna og ólöglegum flutningi þeirra af hálfu rússneska hersins innan hernumina svæða í Úkraínu, og til Rússlands og Belarúss. Hvatt er til margvíslegra aðgerða til að tryggja réttindi og vernd úkraínskra barna og til þess að þeir sem brotið hafi gegn þeim verði dregnir til ábyrgðar.

Með samþykkt þessarar tillögu til þingsályktunar myndu þingmenn bregðast við ákalli Úkraínu um að Alþingi fordæmi ólöglegt og kerfisbundið brottám úkraínskra barna og ítreka þannig samstöðu sína og stuðning við úkraínsku þjóðina.